

Aðalfundur haldinn í ráðstefnusal Nýherja, Borgartúni 37
13. febrúar 2015 kl. 16:00 - 17:00.

1. Formaður stjórnar, Benedikt Jóhannesson setti fundinn.
2. Stungið var upp á Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur sem fundarstjóra og Sverri Ólafssyni sem fundarritara og var það samþykkt.

Fundarstjóri gekk úr skugga um að löglega væri til fundarins boðað og skýrði frá því að mætt væri á aðalfund fyrir 77.16% hlutfjár. Fundarstjóri lýsti fundinn því lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans væru.

3. Stjórnarformaður tók fyrstur til máls og flutti skýrslu stjórnar félagsins. Að því loknu óskaði fundarstjóri eftir því að umræður um hana færu fram eftir kynningu forstjóra á reikningum félagsins. Veitti fundurinn samþykki til þess.

Afrit af ræðu stjórnarformanns er varðveitt sem fylgiskjal nr. 1 við fundargerð þessa.

4. Næstur tók til máls Finnur Oddsson, forstjóri félagsins, og skýrði hann reikninga félagsins fyrir árið 2014.

Því næst var orðið gefið laust um reikninga félagsins og skýrslu stjórnar.

Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.

5. Næsta mál á dagskrá var ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar eins og hún kemur fram í áritun á reikninga félagsins en þar segir: "Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddar út arður til hluthafa árið 2015. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Næst bar fundarstjóri undir fundinn tillögu um að laun stjórnarmanna og varamanns þeirra í stjórn Nýherja hf. fyrir árið 2014 yrðu eftirfarandi:

Formaður kr. 390.000. á mánuði.
Stjórnarmenn aðrir kr. 130.000 á mánuði.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Fundarstjóri bar upp tillögu um aðalmenn í aðalstjórn Nýherja hf.

Benedikt Jóhannesson
Hildur Dungal
Marta Kristín Lárusdóttir
Ágúst Sindri Karlsson
Loftur Bjarni Gíslason.

Fyrir lá tillaga um Guðmund Jóhann Jónsson í varastjórn Nýherja hf.

Ekki komu fram tillögur um aðra aðila til stjórnarsetu og voru framangreindir því lýstir sjálfkjörnir.

8. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að endurskoðendur félagsins yrðu KPMG ehf. Fundarstjóri lýsti þá sjálfkjörna til endurskoðunar.

9. Fundarstjóri bar næst upp svohljóðandi tillögu um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum skv. 55. grein hlutafélagalaga:

Aðalfundur Nýherja haldinn 13. febrúar 2015 samþykkir heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa allt að 10% af nafnverði hlutafjár félagsins, sbr. VIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Kaupgengi skal miða við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Gildistími heimildarinnar er allt að átján mánuðir. Með samþykkt tillögu þessarar fellur úr gildi sams konar heimild sem samþykkt var á síðasta aðalfundi félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Undir liðnum „Önnur mál“ þakkaði stjórnarformaður hluthöfum það traust, sem þeir sýndu nýkjörinni stjórn, fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn og sleit svo fundi kl. 17:00.

Engar athugasemdir komu fram við fundargerðina.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, fundarstjóri

Sverrir Ólafsson, fundarritari